

Alþingi, nefndasvið
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. nóvember 2014
2014010081

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar (flóttamenn) - 242. mál.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um sjúkratryggingar (flóttamenn), 242. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 24. október 2014, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar (flóttamenn) - 242. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Líkt og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu þá munu breytingar á lögum um sjúkratryggingar sem lagðar eru til í frumvarppinu leiða til þess að þeim sem eru í hælismeðferð verður ekki veittur aðgangur að sjúkratryggingakerfinu. Barnaverndarstofa bendir á að þegar um unga hælisleitendur er að ræða, þ.e. börn sem koma til landsins án forsjáraðila og óska eftir hæli hér á landi þá eru það almennt barnaverndarnefndir sveitarfélaganna sem taka mál þeirra til vinnslu, auk þeirrar vinnu sem á sér stað á grundvelli útlendingalaga.

Fyrirhugaðar breytingar á lögum um sjúkratryggingar ættu ekki að hafa áhrif á skyldu ríkissjóðs til þess að greiða sjúkrakostnað umræddra einstaklinga þar sem í 5. mgr. 15. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er kveðið á um það að ef barn er statt hér á landi án forsjáraðila þá endurgreiði ríkissjóður sveitarstjórn útlagðan kostnað sem af máli hlýst. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu falli hér undir ef hann verður ekki lengur greiddur úr sjúkratryggingakerfinu. Barnaverndarstofa tekur fram að hér er ekki um stóran hóp að ræða en þó nokkra einstaklinga á ári hverju.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu